



Til bæjarráðs

Kópavogi, 16. ágúst 2022
22061279/102.35 BR

Efni: Umsögn umhverfissviðs vegna styrkbeiðni á uppsetningu djúpgáma við Engihjalla 1

Á fundi bæjarráðs þann 23. júní 2022 var tekið til umfjöllunar styrkbeiðni frá húsfélagi Engihjalla 1 vegna uppsetningar djúpgáma innan lóðarmarka húseignarinnar. Í bréfi frá lögmanni húsfélagsins eru ástæður uppsetningu djúpgámanna raktar og er vísað í bréfið til að fá sýn á forsöguna.

Almennt má líta á það jákvæðum augum að húsfélag fjöleignahús ákveði að safna þeim úrgangi sem fellur til af íbúum hússins í djúpgáma frekar en í tunnur og/eða kör sem staðsettar eru í sorpgeymslu. Bæði er söfnun í djúpgáma mun snyrtilegri en í tunnur eða ker og einnig er hirðing úr djúpgámum ódýrari heldur en úr sorpgeymslum. Í Engihjalla hefur verið nauðsynlegt að hirða úrgang vikulega en ekki á hálfsmánaðarfresti eins og annarsstaðar sökum smæðar sorpgeymslna og magn úrgangs sem til fellur. Þar sem rúmmál djúpgáma sem komið verður fyrir er umtalsvert meira en samanlagt rúmmál tunna kera mun hirðing úr djúpgámum gerast sjaldnar í þessu tiltekna húsi.

Vonir standa til að önnur húsfélög í Engihjalla munu í kjölfarið einnig huga að því að setja upp djúpgáma hjá sér þegar reynsla kemst á djúpgámavæðinguna við Engihjalla 1 en það er mat umhverfissviðs að miðlægt sorpgerði eða djúpgámar séu best til þess fallinn að leysa aðstöðuvandræði sorphirðunnar við fjölbýlishúsin í Engihjalla og þá sérstaklega þegar horft er til þeirra breytinga sem verða mun á úrgangsflokkunarkerfunum á næstu mánuðum, en húsfélagið við Engihjalla 1 mun setja upp djúpgáma sem taka mið af nýjum flokkunarreglum og mun þá verða fyrsta húsið sem hefur sérsöfnun í samræmi við nýjar reglur um meðhöndlun og flokkun úrgangs.

Innleiðing djúpgáma við fjölbýlishús í bænum hefur verið jöfn og þétt síðustu þrjú árin og losa um það bil 32 hús í bænum úrgangi sínum í djúpgáma en reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð og án nokkurra vandræða. Magnskynjarar eru í gámunum sem eru tæmdir þegar þeir eru að verða fullir og er tíðnin á tæmingum um það bil á tveggja til þriggja vikna fresti eftir aðstæðum og árstíð.

Hafa ber í huga að styrkveiting til eins húsfélag á uppsetningu djúpgáma mun vera fordæmisgefandi og má leiða líkur á því að önnur húsfélög munu einnig óska eftir styrk til slíks þegar fram líður. Þar af leiðandi mun vera þörf á að útbúa úthlutunarreglur ef veittur verður einn styrkur til uppsetningar á djúpgámum.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar